

Miðvikudaginn 18. október 1989.

Nr. 397/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. október 1989, sem barst Hæstarétti 13. október. Í greinargerð, sem barst Hæstarétti 16. október, krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara er krafist styttingar á gæsluvarðhaldi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara 17. þ.m. er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, þó þannig, að gæsluvarðhaldið standi allt til miðvikudags 22. nóvember nk. kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 11. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 100165-4499, með lögheimili að Stangarholti 26, hér í borg, en dvalarstað að Hrannargötu 3, Keflavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Málavextir.

Kærði, Garðar Garðarsson, hefur viðurkennt að hafa brotist inn í verslun Kaupfélags Árnesinga, Selfossi, aðfaranótt sl. mánudags í félagi við Agnar Víði Bragason. Lögregla kom á vettvang og handtók kærðu á staðnum, sem báðir voru undir áhrifum áfengis.

Þá hefur kærði jatað að hafa stolið bifreið af gerðinni Range Rover af bílasölonni Bílaþingi sömu nótt og notað hana til ferðarinnar austur á Selfoss.

Kærði er grunaður um innbrot í verslunina Bonus, Faxafeni 14, hér í borg, aðfaranótt sl. sunnudags, en kærði hefur með öllu neitað því. Í gögn-um málsins kemur fram, að bifreið af gerðinni Range Rover var þar fyrir utan með stöðuljósum um kl. 3.00 aðfaranótt sunnudagsins. Úr versluninni var stolið peningum og ávísunum, samtals að fjárhæð 190.000,00 kr. Að auki voru miklar skemmdir unnar á innréttingum og peningaskáp fyrirtækisins.

Kærði er enn fremur grunaður um innbrot í vinnustofu Múlalundar, Há-túni 10 C, hér í borg, nú um helgina, en þar var stolið peningaskáp með peningum og ávísunum, að fjárhæð 800.000,00 kr. Kærði hefur þverneitað að hafa brotist þar inn.

Kærði er að lokum grunaður um að hafa í innbrotinu í bílasöluna Bílaþing sl. helgi stolið bifreið af gerðinni Mitsubishi Galant JX-540, sem fannst sl. sunnudag í Breiðholti. Þá var einnig stolið útvarpi úr bifreið á áðurnefndri bílasölu. Kærði hefur algerlega neitað að hafa tekið aðrar bifreiðar en Range Rover-bifreiðina.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsis-refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Kærði hefur margoft verið dæmdur vegna brota á almennum hegningar-lögum og umferðarlögum. Hinn 31. október nk. verður tekinn fyrir í Hæstarétti Íslands dómur sakadóms Reykjavíkur frá 14. mars sl., en þar var kærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi.

Kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykja-víkur 18. maí sl. til 26. maí s.á. Hinn 26. maí óskaði RLR eftir framleng-ingu gæslutíma til 23. ágúst 1989 á grundvelli 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, og var krafan tekin til greina af sakadómi Reykjavíkur. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem stytta gæslutíma til 4. júlí sl.

Kærði hefur mótmælt kröfu um gæsluvarðhald og krafist synjunar á kröfu RLR, og til vara er krafist styttingar á tímalengd kröfunnar.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember

nk. kl. 16.00, enda er mál þetta enn í frumrannsókn og veruleg hættu á, að kærði spilli sakargögnum og haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.
